

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hlíðarendi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Í breytingunni felst m.a. að íbúðum á reitum C, D og F er fjölgað, skilmálum breytt er varða svalaganga á íbúðareitum C, D og F, skilmálum fyrir reit H er breytt, gerð eru ný gatnamót og textabreyting/viðbót í skilmálum er varðar heimild fyrir matvöruverslanir á svæðinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sogavegur 69.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. október 2017, breytingu á deiliskipulagi Sogavegar 71 til 87 vegna lóðarinnar nr. 69 við Sogaveg. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar um 1,5 metra í norðurátt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Smiðjustígur 10 og Klapparstígur 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi vegna lóða nr. 10 við Smiðjustíg og 16 við Klapparstíg. Í breytingunni felst m.a. að rífa eldri byggingu að Smiðjustíg 10 og byggja búðarhús með vinnustofum og íbúðum, minnka byggingarreit suðvesturhluta lóðar við danska sendiráðið sem bætist við austast á lóð, stækka byggingarreit á lóð Klapparstígs 16 til suðurs og flytja samþykkt viðbótarbyggingarmagn á lóð Smiðjustígs 10 yfir á lóðina að Klapparstíg 16. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kvosin, Landsímareitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, þann 5. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi Landsímareits. Í breytingunni felst m.a. að borgarlandinu/lóðinni á milli lóðanna Vallarstrætis 4 og Aðalstrætis 7 er skipt upp á milli þeirra og lóðirnar stækkaðar sem því nemur og leyfilegt verður að fjarlægja viðbyggingu frá 1967 við Landsíma-húsið/Thorvaldsensstræti 6 og byggja hana í sömu mynd. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suður Mjódd.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 21. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felast m.a. breytingar á íþróttasvæði ÍR, breytingar á lóðum við Árskóga 1-7, breytingar á lóð Alfabakka 2, lagnakvöðum á öllu svæðinu og gert ráð fyrir nýrri verslunar- og þjónustulóð á norðvesturhluta svæðisins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ellidabraut 4-6, 8-10 og 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 21. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóða nr. 4-6, 8-10 og 12 við Elliðabraut. Í breytingunni felst að þar sem áður var gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði er nú gert ráð fyrir 1-4 hæða

Nr. 15

10. janúar 2018

Íbúðarhúsnæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 10. janúar 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2018